

Samkvæmt þessu ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda kr. 16.800.00 í stað kr. 33.600.00, svo sem krafizt er.

Vexti þykir einungis eftir atvikum bera að dæma 7% í stað 8%, svo sem krafizt er.

Þá þykir og með hliðsjón af allri meðferð málsins einungis bera að reikna vexti frá birtingardegi sjó- og verzlunardómsstefnunnar í stað frá 1. janúar 1964.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnda til greiðslu málskostnaðar, er þykir eftir atvikum hæfilega metinn kr. 4.500.00.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Helgi Benediktsson, greiði stefnanda, Erlingi h/f, kr. 16.800.00 með 7% ársvöxtum frá 16. maí 1967 til greiðsludags og kr. 4.500.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 7. marz 1969.

Nr. 45/1967. **Sigurbjörn Eiríksson**

(Hjörtur Torfason hrl.)

gegn

Ragnari Þórðarsyni og gagnsök

(Magnús Thorlacius hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Einar Arnalds, Gizur Bergsteinsson og Logi Einarsson og prófessor Magnús Þ. Torfason.

Skuldamál. Samningar. Kaup og sala.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 9. marz 1967 og krafizt þess, að honum verði dæmd sýkna af kröfum gagnáfrýjanda og að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 13. apríl 1967 og gert þær dómkröfur, að aðaláfrýj-

anda verði dæmt að greiða honum kr. 1.800.000.00 ásamt 9½% ársvöxtum frá 15. maí 1963 til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, allt gegn afsali fyrir veitingahúsinu Glaumbæ, þ. e. firmunum Glaumbæ, Næturklúbbum og Káetunni, ásamt öllu, sem téðu veitingahúsi fylgir, svo sem innanbúnaði og munum.

Saga máls þessa er skilmerkilega sögð í hinum áfrýjaða dómi. Með leigumála, dags. 1. september 1961, tók Ragnar Þórðarson & Co. h/f á leigu Framsóknarhúsið nr. 7 við Frikkirkjuveg í Reykjavík, og hóf gagnáfrýjandi þar rekstur veitingahússins Glaumbæjar undir firmunum Glaumbæ, Næturklúbbum og Káetunni. Með samningi 13. og 15. maí 1963 keypti aðaláfrýjandi af gagnáfrýjanda téðan veitingastað ásamt greindum starfsheitum, tilfæringum þeim og innanstokksmunum, sem gagnáfrýjandi hafði notað við rekstur staðarins, svo og leiguréttindum til Framsóknarhússins. Skyldi gagnáfrýjandi sjá um, að leiguréttur aðaláfrýjanda héldist til 1. júní 1968. Kaupverðið var kr. 3.200.000.00. Kr. 500.000.00 áttu að greiðast út í hönd, en aðaláfrýjandi greiddi þannig einungis kr. 440.000.00. Kr. 1.000.000.00 voru greiddar með víxlum á þeim tímamörkum, sem í samningi sagði. Kr. 1.700.000.00 áttu að greiðast með jöfnum afborgunum 15. október á ári hverju, í fyrsta skipti 15. október 1964. Hefur fjárhæð þessi ekki verið greidd. Þá skyldu rekstrarvörubirgðir þær, sem gagnáfrýjandi átti á staðnum við afhendingu veitingahússins, greiddar honum sérstaklega. Telur gagnáfrýjandi andvirði þeirra nema kr. 40.000.00, en aðaláfrýjandi viðurkennir einungis kr. 20.000.00 af þeirri kröfu.

Gagnáfrýjandi afhenti aðaláfrýjanda veitingastaðinn hinn 15. maí 1963, og hóf aðaláfrýjandi þegar veitingarekstur þar.

Ekki gaf gagnáfrýjandi út afsal til handa aðaláfrýjanda fyrir hinum seldu verðmætum, og eigi gerði aðaláfrýjandi veðbréf til tryggingar téðrar kr. 1.700.000.00 skuldar, svo sem áskilið var í kaupsamningi. Fyrir atbeina gagnáfrýjanda gaf stjórn Húsbyggingasjóðs Framsóknarflokksins út yfirlýsingu hinn 15. maí 1963, þar sem hún samþykkti, að gagnáfrýjandi framseldi leigurétt sinn til Framsóknarhússins til aðal-

áfrýjanda, og skyldi leigutíminn vera til 15. maí 1968, en leigumálinn þó uppsegjanlegur með tilgreindum uppsagnarfresti frá 30. september 1966. Leigugreiðsla var hækkuð úr kr. 40.000.00 í kr. 46.000.00 á mánuði. Aðaláfrýjandi ritaði aldrei samþykki sitt á yfirlýsingu þessa. Með bréfi 25. október 1963 lýsti gagnáfrýjandi riftun á kaupsamningi aðilja um Glaumbæ og Næturklúbbinn frá 15. maí 1963. Lögmaður aðaláfrýjanda mótmælti riftun í bréfi 3. janúar 1964. Þar segir m. a.: „Eftirstöðvar kaupverðsins mun umbjóðandi okkar greiða á næstu fimm árum, svo sem um var samið“.

Hinn 8. ágúst 1964 kvað fógetadómur Reykjavíkur upp úrskurð, þar sem tekin var til greina krafa stjórnar Húsbyggingasjóðs Framsóknarfélaganna um útburð á hendur aðiljum máls þessa úr Framsóknarhúsinu við Frikirkjuveg vegna vangreiddrar leiguskuldar, að fjárhæð kr. 600.959.58. Af þeirri skuld var ógreidd leiga frá rekstrartíma gagnáfrýjanda kr. 200.356.00 og kr. 400.603.58 vangoldin leiga frá rekstrartíma aðaláfrýjanda. Útburðurinn fór eigi fram, enda tókust sættir með aðaláfrýjanda og húseiganda. Rak aðaláfrýjandi síðan veitingahúsið áfram og veðsetti innanstokksmuni, sem kaupsamningur aðilja frá 15. maí 1963 tók til, fyrir skuld, að fjárhæð kr. 700.000.00, hinn 31. janúar 1964. Með yfirlýsingu í október 1966 tókst aðaláfrýjandi á hendur að „greiða Húsbyggingasjóði Framsóknarfélaganna í Reykjavík eftir kröfu húseiganda eftirstöðvar húsaleiguskuldar Ragnars Þórðarsonar, að fjárhæð kr. 200.356.00, ásamt vöxtum frá 15. maí 1963“. Í sömu yfirlýsingu segir aðaláfrýjandi: „ég afsala í hendur Húsbyggingasjóði Framsóknarfélaganna í Reykjavík öllum múr- og naglföstum innréttingum, gólfteppum, lömpum í loftum og á veggjum, sem ég hef eignast skv. framansögðu með kaupum frá Ragnari Þórðarsyni, gegn því, að gerður verði leigusamningur við Gróu Bæringsdóttur v/fasteignarinnar Frikirkjuvegur 7, Reykjavík, til ekki skemmri tíma en mér hafði á sínum tíma verið lofað af Ragnari Þórðarsyni, er ég keypti Glaumbæ af honum“. Stjórn Húsbyggingasjóðs Framsóknarflokksins gerði síðan hinn 25. nóvember 1966 skriflegan leigumála við Gróu Bæringsdóttur.

Er leigutíminn frá og með 1. október 1966 og lýkur án uppsagnar hinn 1. október 1971, þó getur leigusali sagt samningnum upp með sex mánaða fyrirvara eftir 1. apríl 1968, ef húsið er selt.

Matsmennirnir Halldór Gröndal framkvæmdastjóri, Jón Pétursson húsgagnameistari og Þorsteinn Hjálmarsson húsgagnameistari, dómkvaddir á bæjarþingi Reykjavíkur 4. júní og 10. október 1968 samkvæmt úrskurði Hæstaréttar 29. maí s. á., kváðu upp hinn 13. desember 1968 það mat:

1. Að verðmæti innanbúnaðar þess í Glaumbæ, Næturklúbbum og Káetunni, sem kaupsamningur aðilja tók yfir, hafi numið hinn 15. maí 1963 kr. 2.750.000.00.
2. Að verðmæti téðs innanbúnaðar fyrir áframhaldandi rekstur aðaláfrýjanda og réttartaka hans á Glaumbæ, Næturklúbbum og Káetunni hafi numið, þegar eftir uppsögu útburðarúrskurðarins frá 8. ágúst 1964, kr. 3.190.000.00 og
3. Að hagsmunir aðaláfrýjanda og réttartaka hans af áframhaldandi notkun starfsheitanna Glaumbæjar, Næturklúbbsins og Káetunnar eftir 8. ágúst 1964 og svo ágóði þeirra af viðskiptavild (good will), tengdri nefndum starfsheitum, hafi numið kr. 100.000.00.

Matsmenn staðfestu mat sitt fyrir bæjarþingi Reykjavíkur hinn 20. janúar 1969 og gerðu nánari grein fyrir því.

Samkvæmt beiðni aðaláfrýjanda kváðu hinir sömu matsmenn hinn 4. marz 1969 upp mat um „það verðmæti í veitingahúsinu Glaumbæ hér í borg, sem um ræðir í 1. lið matsgerðarinnar, og þá þannig, að það verði metið til þess verðs, sem ætla má, að það hefði haft á þeim tíma, sem þar um ræðir, ef átt hefði að leggja niður veitingarekstur á staðnum og selja innbú hans utanaðkomandi aðiljum, þ. e. öðrum en viðtakanda á staðnum“. Voru niðurstöður matsmanna, að verðmæti innanbúnaðarins til brottnáms hinn 15. maí 1963 hafi verið kr. 1.201.000.00. Þessa matsgerð staðfestu matsmenn fyrir dómi sama dag.

Svo sem lýst hefur verið, lét aðaláfrýjandi undir höfuð leggjast að inna af hendi kr. 60.000.00 af fé því, sem greiðast

átti út í hönd. Hann lét og undan fallast að gefa út til handa gagnáfrýjanda veðskuldabréf, að fjárhæð kr. 1.700.000.00, með veði í hinum seldu munum. Í þess stað veðsetti hann hinn 31. janúar 1964 muni þessa til tryggingar víxilskuld við þriðja aðilja, að fjárhæð kr. 700.000.00. Samkvæmt hinum óáfrýjaða úrskurði frá 8. ágúst 1964 voru báðir aðiljar í vanskilum með greiðslu húsaleigu fyrir húsnæði veitingahússins. Átti aðaláfrýjandi mikla sök á því, að húseigandinn hófst handa um útburðarmálið, en gagnáfrýjandi, sem eigi tók til varna í málinu, stendur einnig ábyrgur fyrir niðurlagi úrskurðarins. Eftir uppsögu úrskurðarins samdi aðaláfrýjandi við húseiganda um framhaldandi veitingarekstur í húsnæðinu. Jafnframt fór hann áfram með hin umsömdu verðmæti sem sína eign, en synjaði gagnáfrýjanda um frekari greiðslu, þar sem hann taldi þegar greiddar kr. 1.440.000.00 fullnaðargreiðslu. Að svo vöxnu máli mátti gagnáfrýjandi krefja aðaláfrýjanda lokaskila, er honum varð ljóst, að aðaláfrýjandi taldi viðskiptum þeirra lokið. Þykir eðlilegt að setja þetta tímamark hinn 15. október 1964, þá er aðaláfrýjandi átti samkvæmt samningi aðilja að greiða fyrstu afborgun af 1.700.000.00 króna samningsskuldinni. Við ákvörðun fullnaðarskila verður að líta annars vegar á það, hvernig hin seldu verðmæti hafa nýttzt aðaláfrýjanda, og hins vegar á það, að aðaláfrýjandi varð að taka á sig útburðarskuld gagnáfrýjanda við húseiganda til að ná samkomulagi við hann. Að öllu athuguðu þykir hæfilegt að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda alls kr. 1.350.000.00 ásamt 7% ársvöxtum af kr. 80.000.00 (þ. e. kr. 60.000.00, umsaminni reiðugreiðslu, og kr. 20.000.00, andvirði vörubirgða) frá 15. maí 1963 til 15. október 1964, 7% ársvöxtum af kr. 1.350.000.00 frá þeim degi til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 250.000.00, allt gegn afsali þeirra verðmæta, sem í kröfugerð segir.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Sigurbjörn Eiríksson, greiði gagnáfrýjanda, Ragnari Þórðarsyni, kr. 1.350.000.00 með 7% ársvöxtum af kr. 80.000.00 frá 15. maí 1963 til 15. október 1964, 7% ársvöxtum frá þeim degi af kr. 1.350.000.00 til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 250.000, allt gegn afhendingu afsals fyrir veitingahúsinu Glaumbæ, þ. e. firmunum Glaumbæ, Næturklúbbnum og Káetunni, ásamt öllu, er téðu veitingahúsi fylgir, svo sem innanbúnaði og munum.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 20. janúar 1967.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 19. þ. m., hefur Ragnar Þórðarson, Öldugötu 2 hér í borg, höfðað með stefnu, birtri 11. marz 1965, fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur gegn Sigurbirni Eiríkssyni veitingamanni, Skálholtsstíg 2 A hér í borg, „til greiðslu á skuld, að fjárhæð kr. 1.760.000.00, með 9½% ársvöxtum af kr. 60.000 frá 15. maí 1963 til 15. okt. 1964 og af stefnufjárhæðinni frá þeim degi til 31. des. 1964, en 8½% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu, allt gegn afhendingu afsalt fyrir Veitingahúsinu Glaumbæ, þ. e. firmunum Glaumbæ, Næturklúbbnum og Káetunni, ásamt öllu, er téðu veitingahúsi fylgir, s. s. innanbúnaði og munum samkvæmt skrá“.

Með framhaldsstefnu, birtri 22. desember 1965, jók stefnandi kröfur sínar í málinu, og varð aðalkrafa hans þá, „að viðurkenndur verði eignarréttur minn að Veitingahúsinu Glaumbæ, þ. e. firmunum Glaumbæ, Næturklúbbnum og Káetunni, ásamt öllu, er téðu veitingahúsi fylgir, s. s. innanbúnaði og munum samkvæmt skrá, unz fjárkröfur mínar eru greiddar að fullu, og að stefndum verði dæmt að greiða mér samtals kr. 1.800.000.00 með 9½% ársvöxtum frá 15. maí 1963 til greiðsludags auk málskostn-

aðar að skaðlausu, allt gegn afhendingu afsals fyrir Veitingahúsinu Glaumbæ, þ. e. firmunum Glaumbæ, Næturklúbbnum og Káetunni, ásamt öllu, er téðu veitingahúsi fylgir, s. s. innanbúnaði og munum samkvæmt skrá“.

Við hinn munnlega flutning málsins, er fram fór 19. þ. m., breytti stefnandi dómkröfum sínum enn, og eru dómkröfur stefnanda nú þær *aðallega*, að stefnda verði dæmt að greiða stefnanda kr. 1.800.000.00 með 9½% ársvöxtum frá 15. maí 1963 til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu, allt gegn afhendingu afsals fyrir veitingahúsinu Glaumbæ, þ. e. firmunum Glaumbæ, Næturklúbbnum og Káetunni, ásamt öllu, er téðu veitingahúsi fylgir, svo sem innanbúnaði og munum, en *til vara*, að stefnda verði dæmt að greiða stefnanda kr. 1.120.000.00 með 9½% ársvöxtum af kr. 100.000.00 frá 15. október 1963 til 15. október 1964, af kr. 440.000.00 frá þeim degi til 15. október 1965 og af kr. 780.000.00 frá þeim degi til 15. október 1966 og af kr. 1.120.000.00 frá þeim degi til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu svo og að stefnda verði dæmt að gefa út skuldabréf að fjárhæð kr. 680.000.00, sem greiðist í tvennu lagi, 15. október 1967 og 15. október 1968, og beri 9½% ársvexti, allt gegn afhendingu afsals, eins og segir í niðurlagi aðalkröfu.

Dómkröfur af hálfu stefnanda eru nú þær *aðallega*, að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að stefnanda verði dæmt að greiða stefnda málskostnað að skaðlausu, en *til vara*, að kröfur stefnanda verði lækkaðar verulega og að stefnanda verði dæmt að greiða stefnda málskostnað að skaðlausu.

Málavextir eru þeir, að þann 1. september 1961 seldi Húsbýggingasjóður Framsóknarfélaganna í Reykjavík Framsóknarhúsið við Fríkirkjuveg á leigu til Ragnars Þórðarsonar og Co. h/f sem leigutaka, en stefnandi, Ragnar Þórðarson, undirritaði leigusamninginn jafnframt persónulega sem ábyrgðarmaður. Samkvæmt leigusamningnum keypti leigutaki ýmsar innréttingar í húsinu og fékk leyfi til að láta framkvæma ýmsar breytingar á því, hvað hann og gerði. Þá tiltekur leigusamningurinn, að standi leigutaki ekki í skilum með leigugreiðslur eða rjúfi samninginn að einhverju leyti, þá skuli hann hafa fyrirgert rétti sínum til leigunnar. Á næstu árum á eftir rak stefnandi, Ragnar Þórðarson, veitingastarfsemi í Framsóknarhúsinu undir nöfnunum Glaumbær, Næturklúbburinn og Káetan, en samkvæmt upplýsingum frá firmaskrárritara tilkynnti stefnandi með bréfi, dagsettu 20. september 1961, að hann ræki veitingastarfsemi hér í borg með

ótakmarkaðri ábyrgð undir áðurgreindum nöfnum, og voru firmu þessi skráð í firmaskrána 25. sama mánaðar.

Stefnandi hefur skýrt svo frá, að Ragnar Þórðarson & Co. h/f hafi aldrei verið aðili í verki að leigutöku á húsnæðinu eða rekstri veitinga í húsinu. Það hafi verið valkvætt, hvort hann (Ragnar Þórðarson) persónulega eða hlutafélagið yrði leigutaki. En áður en rekstur hófst, hafi orðið að samkomulagi, að hann persónulega hefði þennan rekstur og allar opinberar skrásetningar rekstrinum viðkomandi, en ekki hlutafélagið, og þetta hafi þannig verið haft með vitund og vilja húseiganda og stjórnar hlutafélagsins.

Með bréfi, dagsettu 3. maí 1963, ritaði stefndi, Sigurbjörn Eiríksson, stefnanda tilboð. Þar greinir m. a. svo frá: „Ég undirritaður leyfi mér hér með að gera eftirfarandi tilboð í veitingahúsið Glaumbæ, Næturlúbbinn og Káetuna, eða með öðrum orðum alla veitingastarfsemi, sem rekin er í Framsóknarhúsinu.

I. Ég býðst til að kaupa allt inventar, hverju nafni sem það nefnist, þar í innifalið *alla* þá muni, sem um ræðir á lista, sem þér hafið látið mér í té og ég hef merkt x-y og að engu undanskildu skv. þessum lista. Einnig skal og fylgja allt annað ótalið, sem í ofangreindu veitingahúsi er og tilheyrir því og eða yður, þó ekki það, sem núverandi leigusalar eiga. . . .

III. Leigutilboð þetta er háð því skilyrði, að leigusali samþykki, að núverandi leigusamningur og leigukjör fái að standa, að viðbætti framlengingu á leigutímanum um 5 ár frá og með 30. september 1966.

IV. Tilboð þetta er og bundið því, að núverandi leigusali og eigandi veiti mér forleigurétt og forkaupsrétt, er leigusamningur rennur út, ef húsið verður leigt eða selt.

V. Ég býðst til að greiða kr. 2.800.000.00 . . . fyrir framanritað . . .“.

Stefnandi gerði stefnda gagntilboð með bréfi, dagsettu 9. maí 1963. Í gagntilboðinu undanskilur stefnandi ýmsa muni í veitingahúsinu, en hækkar söluverðið í kr. 3.200.000.00. Lokaákvæði gagntilboðs stefnanda hljóðar þannig: „Tilboð þetta er því skilyrði háð, að húseigandi samþykki kaupin og aðalviðskiptabankar samþykki tryggingar og greiðslukjör“.

Stefndi ritaði stefnanda á ný þann 10. maí 1963. Í bréfi þessu, sem er gagntilboð af hálfu stefnda, segir m. a.:

„Ég vísa til tilboðs míns frá 3. maí s.l. svo og gagntilboðs yðar frá 9. maí s.l.

Hér með geri ég yður neðangreint gagntilboð, og miða ég þá

við, að tilboð mitt frá 3. maí s.l. standi með neðangreindum breytingum:

Liður I. Helzt óbreyttur með þessum undantekningum. . . .

Liður III. Þessi liður helzt með þeirri breytingu, að leigutíminn skal renna út 1. júní 1968, enda verði um það gerður nýr húsa-leigusamningur.

Liður IV. Helzt óbreyttur.

Liður V. Kaupverðið verði kr. 3.200.000.00 . . . er greiðist þannig:

a. Við undirskrift samnings	kr. 500.000.00
b. Prem mánuðum eftir undirskrift	— 500.000.00
c. Sex mánuðum eftir undirskrift	— 250.000.00
d. Fyrir árslok 1963	— 250.000.00
e. Eftirstöðvar greiðist á 5 árum með jöfnum afborgunum 15. okt. ár hvert, í fyrsta skipti 15. okt. 1964	— 1.700.000.00

Alls kr. 3.200.000.00

Til tryggingar lið e verði sett að veði þeir munir, sem ég kaup, og verði gerður sérstakur listi í því skyni. . . .

Að sjálfsögðu fylgir með í kaupunum nöfnin Glaumbær, Næturlúbburinn og Káetan, sbr. skrásetningu í firmaskrá Reykjavíkur.

Nákvæm úttekt verður að fara fram á munum þeim og áhöldum, sem leigusalar Húsbyggingarsjóðs Framsóknarfélaganna afhentu leigusala Ragnari Þórðarsyni & Co. h/f, og skuldbindur Ragnar Þórðarson sig til þess að bæta við eða sjá um, að bætt verði við þá muni, sem á kann að vanta . . .“.

Þann 13. maí 1963 ritaði stefndi á síðastgreint gagntilboð sitt m. a. eftirfarandi:

„Til samkomulags fellst ég á eftirfarandi breytingar á þessu tilboði mínu:

1. Liður III verði eins og segir í gagntilboði yðar, þ. e. að leigutími verði 5 ár frá afsalsdegi með 6 mán. uppsagnarfresti eftir 30. september 1966 . . .“.

Þann 15. maí 1963 ritaði Haukur Þorleifsson aðalbókari samþykki sitt f. h. seljanda á gagntilboð stefnda, en óvefengt er af aðiljum málsins, að nefndur Haukur hafi haft fullt og ótakmarkað umboð til að ganga frá kaupunum af hálfu stefnanda.

Í málinu liggja frammi tvær yfirlýsingar frá stjórnnum Ragnars Þórðarsonar & Co. h/f, svohljóðandi:

„Við undirrituð, Ragnar Þórðarson, Thor R. Thors og Ruth Guðmundsdóttir, er vorum í stjórn félagsins Ragnar Þórðarson & Co. h.f. frá 12. okt. 1961 til 6. nóv. 1963, lýsum hér með yfir því, að það var með vitund og vilja stjórnarinnar, að Ragnar Þórðarson gerði persónulega kaupsamning við Sigurbjörn Eiríksson um veitingahúsið Glaumbæ og muni þá og réttindi, þar á meðal leigurétt til húsnæðis, er þar um ræðir.

Enda þótt Ragnar Þórðarson & Co. h.f. væri að formi til leigutaki að húsnæðinu, þá rak Ragnar veitingahúsið persónulega og fyrir eigin reikning og hafði félagsins vegna fulla heimild til þess og þeirra ráðstafana, er hann gerði.

Reykjavík, 29. desember 1966.

Ruth Guðmundsdóttir.

Ragnar Þórðarson.

Thor R. Thors“.

„Við undirrituð, Ragnar Þórðarson, Halldór Rafnar og Ruth Guðmundsdóttir, sem erum í stjórn félagsins Ragnar Þórðarson & Co. h.f., lýsum því hér með yfir, að við erum algerlega samþykkt yfirlýsingu fyrrverandi stjórnar um heimild Ragnars Þórðarsonar til sölu veitingahússins Glaumbæjar til Sigurbjarnar Eiríkssonar og allra ráðstafana í því sambandi.

Ragnar gaf stjórninni kost á að fylgjast með málaferlunum við Sigurbjörn Eiríksson út af eftirstöðvum kaupverðs.

Reykjavík, 29. dec. 1966.

Ruth Guðmundsdóttir.

Halldór Rafnar.

Ragnar Þórðarson“.

Stefndi virðist hafa tekið við rekstri veitingahússins þann 15. maí 1963 og rekið það til 1. október 1966. Greiddi hann kr. 440.000.00 við afhendingu og samþykkti víxla samtals að fjárhæð kr. 1.000.000.00 fyrir greiðslum samkvæmt lið V. b., c. og d. Þá víxla greiddi stefndi á réttum gjalddögum. Stefndi hefur hins vegar ekki greitt kr. 60.000.00 af þeim kr. 500.000.00, sem honum bar að greiða við undirskrift samningsins, og ekkert af þeim kr. 1.700.000.00, sem honum bar að greiða samkvæmt V. lið e, og ekki gaf hann út veðbréf til tryggingar þeirri greiðslu. Auk þess telur stefnandi, að stefndi skuldi honum kr. 40.000.00 fyrir rekstrarvörur, sem stefndi hafi tekið við með veitingahúsinu og hafi átt að greiða sérstaklega.

Stefnandi sundurliðar aðalkröfu sína því þannig:

1. Eftirstöðvar af greiðslu samkvæmt V. lið a kr. 60.000.00

2. Greiðsla samkvæmt V. lið e	kr. 1.700.000.00
3. Rekstrarvörur	— 40.000.00

Kr. 1.800.000.00

Ekki fékk stefndi afsal fyrir veitingahúsinu, þegar hann tók við því, og firmun Glaumbær, Næturklúbburinn og Káetan voru heldur ekki færð á nafn hans. Þá var ekki gengið frá framleigusamningi við stefnda. Stefndandi fékk hins vegar yfirlýsingu, dagsetta 15. maí 1963, frá stjórn Húsbyggingasjóð Framsóknarfélaganna í Reykjavík um framleigu á veitingahúsinu til stefnda, dómsskjal nr. 28. Þar segir m. a.: „Með samningi, dags. 1. september 1961, hefur Húsbyggingarsjóður Framsóknarfélaganna í Reykjavík leigt Ragnari Þórðarsyni & Co. h.f. og Ragnari Þórðarsyni, lögf. (sem ábyrgðarmanni) Framsóknarhúsið við Fríkirkjuveg 7 í Reykjavík.

Stjórn Húsbyggingarsjóðsins samþykkir hér með, að núverandi leigutaki framselji rétt sinn skv. samningi þessum til hr. Sigurbjörns Eiríkssonar, Álfsnesi, Kjalarnesi, með eftirtöldum skilmálum:

Leigutíminn er til 15. maí 1968, en frá 30. september 1966 er leigusamningurinn uppsegjanlegur með sex mánaða fyrirvara af hálfu leigusala, enda hafi leigutaki forkaupsrétt, ef húsið verður selt. Leigugreiðsla skal vera 46.000.00 á mánuði (miðað við 1. nóvember 1961) til 30. sept. 1966, enda eru eigi undanskilin skrifstofuherbergi þau á efri hæð, er um ræðir í 1. grein. Húsnæðið er leigt til veitingareksturs og skal rekið sem 1. flokks veitingahús, enda hafi það vínveitingaleyfi. Sé skilyrðum þessum eigi fullnægt, er samningur þessi þegar úr gildi fallinn. . .

Sigurbjörn Eiríksson gefi út víxil að fjárhæð kr. 300.000.00 til tryggingar skuldbindingum sínum við leigusala, ennfremur setji hann fasteignaveð, sem leigusali metur gilt, fyrir upphæðinni.

Að öðru leyti gilda ákvæði ofangreinds samnings . . .“.

Stjórn Húsbyggingasjóðs Framsóknarfélaganna gerði ráð fyrir, að stefndi ritaði samþykki sitt á ofangreinda yfirlýsingu sem nýr leigutaki. Af því varð þó ekki, þar sem stefndandi lét þetta atriði ekki til sín taka.

Síðla sumars 1963 bar það til, að stefndi var kærður af Landsbanka Íslands fyrir brot á almennum hegningarlögum vegna misnotkunar á tékkaviðskiptum. Vakti mál þetta mikið umtal, og virðist stefndandi hafa óttast mjög, að stefndi mundi missa vín-

veitingaleyfi sitt og gæti ekki efnt samninginn. Hvernig sem þessu var annars háttað, þá ritaði stefnandi stefnda bréf, svoljóðandi, dagsett 25. október 1963:

„Hér með leyfi ég mér að segja upp og rifta kaupsamningi um Glaumbæ og Næturklúbbinn frá 15. maí 1963.

Ástæður til riftunar eru þær, að ég tel, að þér hafið þegar vanefnt samninginn í verulegum atriðum og að þeir atburðir hafi gerzt, að verulegar forsendur séu brostnar fyrir því, að þér getið rekið nefnt veitingahús og staðið í skilum samkvæmt kaupsamningnum.

Í sambandi við riftun þessa áskil ég mér fullan rétt til skaðabóta úr yðar hendi“.

Ofangreindu bréfi stefnanda svaraði lögmaður stefnda með bréfi, dagsettu 3. janúar 1964. Þar segir m. a.:

„Umbjóðandi okkar hefur þegar staðgreitt yður þá fjárhæð, sem til var ætlað, að undanskildum kr. 100.000.00, er sumpart gengu til greiðslu á eldri skuldum fyrirtækisins og sumpart var haldið eftir skv. beiðni stjórnar Framsóknarhússins vegna viðskipta yðar við þann aðila. Hefur réttmæti þeirrar ráðstöfunar aldrei verið véfengt.

Umbjóðandi okkar hefur og greitt yður með víxlum þann hluta kaupverðsins, er þannig skyldi greiddur, með þeirri sjálfskuldarábyrgð, er þér mátuð gilda á sínum tíma.

Eftirstöðvar kaupverðsins mun umbjóðandi okkar greiða á næstu fimm árum, svo sem um var samið. Er hann sem áður reiðubúinn til að ganga frá þeirri veðsetningu, sem áskilin var til tryggingar þessum hluta greiðslunnar. Hefur hingað til staðið á yður og umboðsmanni yðar að segja til um form veðsetningarinnar og nákvæma tilgreiningu þeirra muna, sem hún á að ná til. Við beinum því hér með til yðar f. h. umbjóðanda okkar að gefa honum slíka fyrirsögn um gerð veðbréfsins hið fyrsta. Áskilur hann sér rétt til að fullnægja gerðum samningum með því að gefa út veðskuldabréf í einu lagi fyrir eftirstöðvum kaupverðsins með þeim formála, sem lýst er í e-lið V. greinar kaupsamningsins, og til að setja yður tiltekinn frest til að taka við slíku veðbréfi, ef með þarf.

Umbjóðandi okkar óskar sérstaklega að mótmæla staðhæfingu yðar um brostnar forsendur fyrir umræddum kaupum. Svo virðist sem þér hafið í huga þann atburð frá s.l. sumri, sem varð til þess, að umbjóðandi okkar hefur nú verið ákærður fyrir brot á almennum hegningarlögum. Atburður þessi stóð ekki í sambandi

við kaupin né rekstur veitingastaðarins, og telur umbjóðandi okkar, að hann muni ekki hafa áhrif á getu sína til að standa í skilum við yður, sbr. þar sem fyrr var ritað um þau efni.

Með vísun til framanritaðs leyfum við okkur að vísa riftunarkröfu yðar á bug. . . .

Jafnframt skorum við á yður að hlutast til um það, að umskráning fari fram á firma veitingastaðarins svo fljótt sem kostur er. . . .

Umbjóðandi okkar vill að lokum taka fram, að viðskilnaði yðar við staðinn hafi verið áfátt í ýmsum efnum . . .“.

Með bréfi, dagsettu 3. apríl 1964, ritaði Húsbyggingasjóður Framsóknarfélaganna í Reykjavík borgarfégetaembættinu bréf, þar sem þess var óskað, að félagið Ragnar Þórðarson & Co. h/f og þeir aðrir, er rétt sinn leiddu frá félaginu, yrðu bornir út úr húsinu Fríkirkjuvegi 7, þ. e. umræddu veitingahúsi, vegna vanskila á leiguskuld. Var útburðarbeiðnin tekin til úrskurðar í fógetarétti 21. júlí 1964, og kvað gerðarbeiðandi húsaleiguskuldina þá nema kr. 600.959,58, þar af áfallin á leigutíma stefnda kr. 400.633,58. Ragnar Þórðarson og Co. h/f og stefnandi létu mæta í útburðarmálinu, en höfðu ekki uppi réttarkröfur í málinu. Stefndi tók til varnar í málinu og krafðist þess, að synjað yrði um hina umbeðnu útburðargerð. Borgarfégeti kvað upp úrskurð í málinu þann 9. ágúst þess efnis, að umbeðin útburðargerð skyldi fara fram á ábyrgð gerðarbeiðanda. Ekki neytti gerðarbeiðandi réttar síns um útburð, en útburði var frestað æ ofan í æ með samkomulagi gerðarbeiðanda og stefnda. Síðast var málið tekið fyrir í fógetaréttinum þann 14. febrúar 1966, og var málinu þá frestað enn um óákveðinn tíma.

Samkvæmt upplýsingum frá stefnda hefur nú komizt á samningur milli Húsbyggingasjóðs Framsóknarfélaganna og Gróu Herdísar Bæringsdóttur, sambýliskonu stefnda, um leigu á Framsóknarhúsinu til veitingarekstrar frá og með 1. október 1966, og heldur stefndi því fram, að aðgerðum húseiganda til útburðar á Ragnari Þórðarsyni & Co. h/f og þeim, sem rétt sinn leiði frá því félagi, sé þar með lokið, en húsaleiguskuld félagsins miðað við 15. maí 1963, kr. 200.356,00, sé enn ógreidd. Síðastgreindur samningur sé gerður með fyrirvara um betri rétt stefnanda út af hugsanlegum veðrétti í þeim munum, sem stefndi hefur fengið hjá stefnanda.

Stefnandi hefur eindregið mótmælt því, að hann skuldi nokkra húsaleigu frá þeim tíma, sem hann rak veitingahúsið. Kveðst

stefnandi hafa átt gagnkröfu á húseiganda og hafi gagnkrafan numið hærri fjárhæð en kr. 200.356.00, enda hafi Húsbygginga-sjóður Framsóknarfélaganna engar kröfur gert á hendur honum út af reikningsuppgjöri þessu.

Þann 31. janúar 1964 gaf stefndi út tryggingarbréf til hand-hafa víxils að fjárhæð kr. 700.000.00 og veðsetur þar „með 1. — fyrsta — veðrétti — allt „inventar“, hverju nafni sem nefnist, tilheyrandi veitingarekstri mínum í veitingahúsinu: Glaumbær, Næturklúbburinn og Káetan, að Fríkirkjuvegi 7 hér í borg, samkvæmt tilboðum og gagna-tilboðum, endanlega samþykktum (kaup-samningi), dags. 3., 9., 10., 13. og 15. maí árið 1963 og sem fylgir tryggingarbréfi þessu í afritum. Meðfylgjandi er og listi yfir muni þá, er getur á tilboði mínu til Ragnars Þórðarsonar, dags. 3. maí 1963, I. lið, og hér að ofan greinir m. a.“.

Með bréfi, dagsettu 6. febrúar 1964, kærði stefnandi stefnda fyrir skilasvik vegna útgáfu tryggingarbréfs þessa og vitnaði til 250. gr., 2. töluliðar, hegningarlaga nr. 19/1940. Kom málið til kasta saksóknara ríkisins, sem fyrirskipaði rannsókn í málinu. Að henni lokinni ákvað hann, að ekki skyldi ákært í málinu.

Með dómi bæjarþings Reykjavíkur, uppkveðnum 2. marz 1964, í málinu nr. 137/1964: Jón Þórarinsson gegn Sigurbirni Eiríks-syni er veðréttur þessi staðfestur og stefnda gert að greiða fjárhæð þá, sem tryggingarbréfið hljóðar um. Ekki mun enn vera búið að aflýsa veðinu.

Með dómi, uppkveðnum á bæjarþingi Reykjavíkur 20. október 1964, var Ragnari Þórðarsyni dæmt að greiða Þorvaldi Lúðvíks-syni hæstaréttarlögmanni kr. 80.000.00 ásamt vöxtum og kostnaði. Dómhafinn, Þorvaldur Lúðvíksson, krafðist þess, að borgarfégeti framkvæmdi fjárnám í eignum dómpólans, Ragnars Þórðarsonar, til tryggingar á dómskuldinni. Fégeti tók fjárnámsbeiðnina fyrir 8. janúar 1965. Fyrir fégetadóminn kom gerðarbeiðandi sjálfur og Magnús Thorlacius hæstaréttarlögmaður af hendi gerðarþol-andans. Hann kvaðst ekki greiða, en vísaði til fjárnáms á ísvél og 130 stóla í Næturklúbbnum og kæliskáp í Káetu. Fégeti lýsti fjárnámi í framangreindum munum til tryggingar kröfum gerðar-beiðanda. Stefndi, Sigurbjörn Eiríksson, skaut fjárnámsgerð þess-ari til Hæstaréttar með stefnu 25. janúar 1965 og gerði þær dóm-kröfur, að hin áfrýjaða fjárnámsgerð yrði úr gildi felld. Áður en dómur gekk í Hæstarétti, var málið tekið fyrir að nýju í fégetaréttinum. Var þá mættur Þorvaldur Lúðvíksson hæsta-réttarlögmaður, og af hálfu Ragnars Þórðarsonar mætti Magnús

Thorlacius hæstaréttarlögmaður. Þeir voru sammála um að óska lausnargerðar, þar sem fjárnámskröfurnar hefðu verið gerðar upp, og aflétti fógetinn fjárnáminu, sem lagt var á 8. janúar 1965. Dómur Hæstaréttar í fógetamálinu var kveðinn upp 25. febrúar 1966, og var málinu vísað frá Hæstarétti. Í dóminum segir m. a.: „Þar sem fjárnámi því, sem lagt var hinn 8. janúar 1965 á framan- greinda muni, er nú aflétt, og mál er rekið fyrir sjó- og verzlunardómi milli stefnda Ragnars Þórðarsonar og áfrýjanda um réttinn til munanna, á mál þetta eigi lengur heima fyrir Hæstarétti. Ber því að vísa því frá dómi“.

Í öðru fjárnámsmáli gegn stefnanda vísaði lögmaður stefnanda þann 13. janúar 1965 á til fjárnáms ísgeymslu í veitingahúsinu Glaumbæ. Umboðsmaður gerðarbeiðanda vefengdi rétt gerðarþola til þess að benda á þennan hlut, þar eð þriðji maður mundi eiga réttindi yfir honum. Fógeti úrskurðaði atriði þetta 12. febrúar 1965 með þessari niðurstöðu: „Ábendingu gerðarþola um fjárnám í ísgeymslu í veitingahúsinu Glaumbæ (Næturklúbbnum) er hafnað“.

Stefnandi hefur lagt fram aðiljaskýrslu sína, dagsetta 18. desember 1965. Þar segir m. a.: „Vorið 1963 vildi ég selja veitingahúsið Glaumbæ, og leitað var hófanna um þau viðskipti við ýmsa aðila. Tveir aðilar gerðu ákveðin kauptilboð, Sigurbjörn var annar þeirra, þótt tilboð hans væri ca. kr. 1.000.000.00 — einni milljón króna — lægra en tilboð hins aðilans, þótti rétt að semja við Sigurbjörn, þar sem hann taldi sig geta borgað meiri part kaupverðsins í reiðu fé, og bankar töldu Sigurbjörn einn öruggasta og traustasta manninn í viðskiptalífinu í Reykjavík og allar hans yfirlýsingar og fjárskuldbindingar væru gulls í gildi, og ég ætti því að vera öruggur um að koma pappírurum frá honum í peninga strax. Þetta sjónarmið reið baggamuninn, þar sem ég var þá í greiðsluvandræðum og þurfti mjög á reiðu fé að halda þá þegar, enda var það megin ástæðan til þess, að ég vildi selja Glaumbæ.“

Hvaða rök gátu þá legið að því, að ég neitaði að taka á móti verðmætum úr hendi Sigurbjörns?

Sannleikurinn er, að það dróst hjá Sigurbirni að greiða umsamda útborgun, og fékkst hún aðeins með eftirgangsmunum, enda ekki fullgreidd enn þann dag í dag. Þá átti Sigurbjörn að skila umboðsmanni mínum undirskrifuðum skrám og listum yfir húsbúnað, sem hann átti að veðsetja mér, svo og skuldabréfi. Um þetta leyti fór ég til útlanda, og þegar ég kom aftur til landsins,

hafði Sigurbjörn ekki ennþá gengið frá þessum greiðslum og skuldabréfa afhendingum til umboðsmanns míns, þannig að hægt væri að afsala honum hinum umsömdu eignum. Þá höfðu og skeð þau atvik, sem breyttu mjög mati margra, einkum bankastofnana, á fjárhagslegu trausti því, er Sigurbjörn hafði notið í svo ríku mæli.

Þá voru umrædd atvik þess eðlis, að telja mátti fulla vissu fyrir því, að Sigurbjörn gæti ekki haldið áfram vínveitingarekstri, og að hann hefði því ekki lengur möguleika á að standa við þessa samninga. Þá leituðu og aðrir aðilar mjög fullnægingar á skuldakröfum, sem þeir áttu á hendur Sigurbirni, og mátti jafnvel búast við, að hann yrði gjaldþrota af þeim ástæðum. Þá var leitað fyrir sér um riftingu og sölu, með samkomulagi, til annarra, m. a. til konu Sigurbjörns. Gengu þessar umleitanir fram og aftur án endanlegs árangurs.

Ekki gerði Sigurbjörn enn á þessu tímabili neina tilraun til að fullnægja ákvæðum sölusamnings.

Eitt algengasta form tryggingar, þegar um sölu lausafjármuna er að ræða, er, að seljandi áskilur sér eignarrétt, þ. e. selur með eignarréttarfyrirvara, eða gefur ekki afsal fyrir hinu selda, þ. e. fyrirbyggir, að eignarréttar yfirfærsla fari fram, fyrr en hið selda er að fullu greitt eða einhverjum öðrum ákveðnum skilyrðum fullnægt, t. d. önnur trygging sett. Án þess að í upphafi hafi verið um nokkurt vantraust á Sigurbjörn eða greiðslugetu hans að ræða, þótti rétt, enda ákveðið í samningi, að afsal, þ. e. eignarréttar yfirfærsla, færi ekki fram, fyrr en hann hafi fullnægt ákvæðum samningsins, þ. e. greiðslu fyrstu útborgunar, afhendingu vissra víxla og útgáfu skuldabréfs með veðsetningu. Þetta var auðvitað gert til að tryggja, að Sigurbjörn yrði ekki eigandi hins selda og gæti því ekki selt eða veðsett það eða ráðstafað á annan hátt nema í samráði við mig og með samþykki mínu.

Nú skeður það, að Sigurbjörn veðsetur (þ. e. gerir tilraun til að veðsetja umræddar eignir — þar sem veðsetning er auðvitað ólögleg, hann er ekki ennþá orðinn eigandi umræddra eigna, afsal hefur ekki farið fram) húsbúnað Glaumbæjar án þess að hafa áður gengið frá eða gert tilraun til að ganga frá því, sem nauðsynlegt var, til þess að hann yrði eigandi, og án þess að leita samþykkis míns fyrir þeirri ráðstöfun. Þegar hér var komið, þótti mér tímabært að óska bréflega eftir riftun, þar sem ekki virtist lengur nein geta eða vilji af Sigurbjörns hálfu til þess að fullnægja ákvæðum sölusamnings. Þessari skriflegu umleitan svar-

aði stefndi neitandi og taldi sig fúsan og færán um að standa við samninginn, enda mundi hann óefað gera það. Í þessu bréfi bendir stefndi á, að ekki hafi enn orðið verulegar vanefndir af sinni hálfu, en þegar komi að afborgunardegi samkvæmt samningi, þ. e. október 1964, muni hann greiða sem sér beri. Gat ég sætt mig við þessa lausn. (Riftingin var fyrst og fremst hugsuð til að tryggja mér, að ég fengi andvirði eigna minna, en Sigurbjörn virtist ekki hafa neinn áhuga fyrir slíku, eftir að hann fékk staðinn afhentan og gat notið arðs af honum).

Enn var leitað um ráðstöfun staðarins til annarra aðila með samkomulagi. Enn hafði Sigurbjörn ekki gert neinar tilraunir til að standa við þau ákvæði samningsins, sem ennþá er ófullnægt.

Sigurbjörn gaf mér aldrei á þessu tímabili tækifæri til að ná sambandi við sig. Þá gerði lögfræðingur minn, Magnús Thorlacius, og umboðsmaður minn, Haukur Þorleifsson, ítrekaðar, árangurslausar tilraunir til að ná sambandi við Sigurbjörn. Var mér þá sá einn kostur mögulegur að fela Magnúsi Thorlacius að innheimta hjá Sigurbirni þær kröfur, sem ég á á hendur honum. Innheimtubrífum var ekki svarað, og var ég því neyddur til að fara í þetta mál, sem hér liggur fyrir. Verður að telja, að ég hafi sýnt eins mikið langlundargeð og vænta má með nokkurri sanngirni“.

Stefnandi hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að viðskiptabankar hans hafi viljað hafa samráð og hönd í bagga með sölu veitingahússins og hvernig því fé, sem inn kæmi, yrði varið. Kveðst stefnandi því hafa fengið Hauk Þorleifsson, aðalbókara Búnaðarbankans, til þess að ganga frá samningum af sinni hálfu og hafi verið um það rætt, að Haukur fylgdist jafnframt með samningunum af bankanna hálfu og gengi endanlega frá samningunum á þann hátt, að bankarnir gætu sætt sig við greiðsluform, útborganir og vaxtakjör.

Stefnandi kveðst jafnan hafa litið á listann, sem lagður hefur verið fram í málinu sem dómsskjal nr. 20, sem rétta upptalningu á þeim lausafjarmunum, sem stefndi keypti af stefnanda með veitingahúsinu. Listinn sé undirritaður af Sólrúnu Helgadóttur, sem hafi verið fulltrúi stefnda við talninguna, og af Lovísu Jónsdóttur, sem hafi verið trúnaðarmaður hans (stefnanda), þegar talning fór fram. Stefnandi segir, að listi þessi hafi verið tilbúinn mjög fljótlega eftir 15. maí 1963. Hafi stefndi ekki þurft annað en að undirskrifa listann og skuldaviðurkenningu í einhverju

formi, veðskuldabréf eða tryggingarbréf með víxlum, en það hafi stefndi aldrei fengizt til að gera. Stefnandi kveðst aldrei hafa neitað að taka við greiðslum frá stefnda. Stefnandi segir, að annað hafi ekki hvarflað að honum en að stefndi greiddi fulla vexti af skuldinni, eins og hún væri á hverjum tíma, frá afhendingardegi að telja, enda hafi báðum aðiljum verið kunnugt um, að aðalviðskiptabankar stefnanda áttu að samþykkja tryggingar og greiðslukjör.

Stefnandi segir, að áfengis- og tóbaksbirgðir hafi verið í veitingahúsinu, þegar stefndi tók við rekstrinum. Hafi stefndi yfirtekið vörur þessar samkvæmt talningu, sem framkvæmd hafi verið af starfsmönnum Á. T. V. R. Að lokinni talningu hafi andvirði vara þessara verið millifært í reikningum Á. T. V. R. Á sama hátt hafi verið gengið frá gosdrykkja- og flöskubirgðum hússins við viðkomandi verksmiðjur.

Stefnandi kveðst hins vegar hafa gert munnlegt samkomulag við stefnda þess efnis, að stefndi keypti vissar rekstrarvörubirgðir gegn staðgreiðslu. Hafi stefndi átt að greiða vörurnar, um leið og hann tæki við rekstrinum. Kveðst stefnandi hafa samþykkt, að sambýliskona stefnda, Gróa Herdís Bæringsdóttir, sæi um talningu og verðlagningu birgðanna, og hafi stefndi átt að skila Jóni Magnússyni, lögmanni stefnda, lista yfir birgðirnar, um leið og skilað yrði listum yfir „inventarið“. Enginn listi hafi þó borizt yfir vörubirgðirnar, en Gróa Herdís hafi tjáð stefnanda munnlega, að andvirði birgðanna hafi numið um það bil kr. 40.000.00. Kveðst stefnandi þó ekki þora að vinna eið að því, hvaða upphæð hún nefndi. Í þinghaldi 18. febrúar 1966 lýsti stefnandi, hvaða vörur það hafi verið, sem Gróa Herdís átti að gera lista yfir og voru í húsinu:

1. Vörur í kæli: Kjötvörur, feitisvörur, fiskur, mjólkurafurðir og grænmeti. Telur stefnandi, að allar ofangreindar vörur í kæli geti varla hafa verið að verðmæti undir 20—30 þúsund krónum, þar af kjötvörur að andvirði 15—20 þúsund krónur.

2. Niðursuðuvörur: Sveppir, ávextir, grænmeti og ýmsar pakka-vörur, svo sem súpur, kjötkraftur o. fl. Enn fremur nýlenduvörur, t. d. kaffi. Stefnandi áætla, án þess að geta staðhæft nokkuð um magn, að verðmæti birgðanna af niðursuðuvörum hafi verið minnst kr. 20.000.00, en geti hafa verið miklu meira.

3. Hreinlætisvörur: Bón, hreinsilögur, þvottaefni og fleira. Stefnandi áætla andvirði þeirra birgða um tvö til þrjú þúsund krónur.

Í þessu sambandi hefur stefnandi skýrt svo frá, að umrætt veitingahús, eins og það var, þegar stefndi tók við rekstrinum, hafi tekið í sæti um fjögur til fimm hundruð manns. Algengt hafi verið, að tvö til þrjú hundruð manns hafi borðað þar um helgar. Til þess að geta rekið slíkt veitingahús sé nauðsynlegt að hafa töluverðar vörubirgðir. Vörubirgðir upp á 40—60 þúsund krónur verði að teljast óverulegar í þessu sambandi.

Stefndi hefur skýrt svo frá, að hann hafi litið svo á, að allar rekstrarvörur, sem væru í húsinu, fylgdu með í kaupunum, þó að ekkert væri um þær rætt í samningaviðræðum hans (stefnda) og Hauks Þorleifssonar. Eftir að búið var að undirskrifa tilboðin, hafi stefnandi farið að hafa afskipti af málinu og m. a. lýst því yfir, að það hafi alls ekki verið sín meining, að rekstrarvörur hússins, þ. á m. tóbak, öl, áfengi og matarbirgðir, fylgdu með í kaupunum. Haukur Þorleifsson hafi þá lýst því yfir við stefnda, að leið mistök hafi orðið að taka ekki skýrt fram í samningnum, að rekstrarvörur á lager fylgdu ekki með í kaupunum. Hafi Haukur farið fram á það, að hann (stefndi) greiddi vörubirgðirnar. Stefndi kveðst þá hafa samþykkt, að matvörubirgðir í úti-geymslum yrðu taldar sérstaklega upp og þær síðan gerðar upp, er fullnaðaruppgjör færi fram, þ. e. við útgáfu afsals og umskráningu. Hins vegar hafi fullt samkomulag verið með þeim Hauki, að vörubirgðirnar, sem komnar voru í ísskáp eða aðrar geymslur inni í húsinu, skyldu fylgja með í kaupunum. Þá hafi einnig náðst samkomulag um, að Gróa Herdís Bæringsdóttir og matsveinninn, Magnús Árnason, sæju um talninguna og gerðu skrá yfir birgðirnar. Minnir stefnda, að Gróa Herdís og Magnús hafi farið út í matvælageymslurnar og litið yfir birgðirnar. Að því búnu hafi þau komið aftur án þess að semja sérstakan lista yfir birgðirnar. Stefnda minnir fastlega, að þau hafi lýst því yfir, að samkomulag hafi orðið milli þeirra um að áætla verð birgðanna 15—20 þúsund krónur. Tekur stefndi fram í þessu sambandi, að ekki hafi verið lögð mikil áherzla á talningu þessara vörubirgða, þar sem stefndi hafi gefið eftir, að vörubirgðirnar almennt fylgdu með í kaupunum.

Stefndi skýrir svo frá, að honum hafi ekki verið kunnugt um, að stefnandi væri í vanskilum við Húsbyggingasjóð Framsóknarfélaganna, þegar hann (stefndi) undirritaði samningana. Í júní-mánuði 1963 kveðst stefndi hafa átt tal við Guðjón Styrkársson, formann Húsbyggingasjóð Framsóknarfélaganna. Hafi Guðjón þá lýst því yfir, að Ragnar Þórðarson skuldaði um það bil kr.

200.000.00 í áfallna húsaleigu. Kveðst stefndi þá fyrst hafa vitað, að stefnandi hafði ekki gert full skil við húseigandann og með hinni miklu húsaleiguskuld fyrirgert leigurétti sínum, sbr. 8. gr. upphaflega leigusamningsins, dómsskjal nr. 18. Eftir samtalið við Guðjón kveðst stefndi hafa farið á fund Hauks Þorleifssonar og hafi Haukur þá sagt, að það væri rétt, að stefnandi skuldaði húsaleigu og að hann, þ. e. Haukur, hefði lofað stjórn húsbýggingsjóðsins, að húsaleiguskuldin yrði greidd, um leið og stefnandi fengi peninga frá stefnda. Haukur hafi jafnframt lýst því yfir, að hann hefði góða von um að geta selt víxlana, sem stefndi afhenti. Fengjust þá peningar, sem notaðir yrðu til þess að greiða húsaleiguskuld stefnanda við húseiganda. Er þetta samtal hafi átt sér stað, hafi stefnandi verið erlendis. Hafi Haukur sagt, að bezt væri að fara eftir ósk stefnanda og ganga ekki endanlega frá samningum, fyrr en stefnandi kæmi aftur til landsins, en þá mundi Haukur setja sig í samband við skrifstofu lögmanna í Tryggvagötu 8, sem hafði með mál stefnda að gera. Stefndi segir, að hvorki Haukur Þorleifsson, stefnandi né nokkur annar af stefnanda hálfu hafi snúið sér til hans (stefnda) til þess að ganga endanlega frá samningunum. Stefndi kveðst hins vegar hafa farið margar ferðir ásamt Hirti Torfasyni hæstaréttarlögmanni á fund stefnanda og borið fram tilmæli um, að gengið yrði frá samningunum, en stefnandi hafi þá verið ófáanlegur til þess. Aftur á móti hafi stefnandi krafizt riftunar og sagt, að hann (stefnandi) væri að leita eftir nýjum kaupendum, og komið hafi fram í yfirlýsingu stefnanda, að hann vildi vera meðeigandi að veitingarekstrinum, en komið gæti til mála, að Gróa Herdís fengi að vera hluthafi í fyrirtækinu með nýju eigendunum.

Vitnið Gróa Herdís Bæringsdóttir, sem er sambýliskona stefnda og hefur átt með honum börn, hefur skýrt svo frá, að stefnandi hafi beðið Magnús Árnason, yfirmatreiðslumann hjá stefnanda, að telja rekstrarvörubirgðir í útigeyslum. Kveðst vitnið hafa farið með Magnúsi og verið viðstatt, meðan Magnús skrifaði niður lista yfir vörubirgðirnar. Vitnið neitar því eindregið, að stefnandi hafi falið því að sjá um talningu og verðlagningu varanna. Í því sambandi tekur vitnið fram, að það hafi þá ekki haft þekkingu á rekstri matsölu og það hafi verið ókunnugt allri skipan á vörugeyslum á staðnum. Vitnið segir, að það hafi ekki tekið við listanum, sem Magnús skráði yfir vörurnar. Hafi Magnús farið inn í eldhús veitingastaðarins að talningu lokinni, og kveðst vitnið enga hugmynd hafa um, hvað af listanum varð. Vitnið

segir, að þau hafi verið mjög fljót að telja vörurnar, enda hafi verið litlar birgðir í geymslunum. Lítið sem ekkert kjöt, dálítið af dósamat, en vitnið kveðst nú ekki muna magn birgðanna. Síðar kveðst vitnið hafa heyrt talað um, að verðmæti varanna hefði verið 15—20 þúsund krónur. Vitnið kveðst ekki minnst þess að hafa nokkurn tíma rætt við stefnda um vörubirgðirnar og þvertækur fyrir að hafa nokkurn tíma minnst á 40 þúsund krónur í því sambandi, enda kveðst vitnið ekki hafa getað gert sér grein fyrir verðmæti varanna. Vitnið segir, að ofangreind talning hafi átt sér stað sama daginn og stefndi tók við rekstri veitingahússins. Vitnið segir, að Magnús Árnason hafi starfað áfram í veitingahúsinu, eftir að stefndi tók við því, en man ekki, hve lengi hann vann eftir það.

Þrátt fyrir ábendingar dómsins hefur Magnús Árnason ekki gefið vitnaskýrslu fyrir dóminum um þetta atriði.

Vitnið Haukur Þorleifsson aðalbókari kveðst hafa fengið skriflegt umboð frá stefnanda til þess að ganga frá sölu á veitingahúsinu til stefnda, og jafnframt kveðst vitnið hafa átt að gæta hagsmuna Búnaðarbankans og Útvegsbankans í sambandi við söluna. Vitnið segir, að það og stefndi hafi rætt um vaxtagreiðslur af eftirstöðvum kaupverðsins. Stefndi hafi í því sambandi sett fram það álit sitt, að sanngjarnt væri, að hann greiddi 7% ársvexti af skuldinni, eins og hún væri á hverjum tíma. Vitnið kveðst hafa svarað stefnda því, að það væri tómmt mál að ræða um svo lága vexti, því að það yrði aldrei samþykkt. Vitnið kveðst hafa gert kröfu um það, að stefndi greiddi hæstu löglega vexti, eins og þeir væru á hverjum tíma, en hæstu lögleyfðir vextir á þeim tíma hafi verið 9½% af lánum sem þessum. Vitnið staðhæfir, að stefndi hafi gefið afdráttarlaust samþykki sitt á því að greiða þessa vexti. Þessa yfirlýsingu hafi stefndi gefið vitninu munnlega, en engin skrifleg yfirlýsing muni hafa verið gerð um það, enda hafi þessi vaxtakjör verið skilyrði fyrir kaupunum af hendi stefnanda og aðalviðskiptabanka hans, sbr. niðurlagsákvæði gagnaþóðs stefnanda frá 9. maí 1963. Vitnið segir, að upphafstími vaxtanna hafi átt að reiknast frá 15. maí 1963. Vitnið segir, að ekki hafi verið búið að ræða til fulls við aðalviðskiptabanka stefnanda, hvort stefndi gæfi út veðskuldabréf fyrir eftirstöðvunum eða samþykkti víxla með tryggingarbréfi. Vitnið kveðst hafa tekið við yfirlýsingu stjórnar Húsbyggingasjóðs Framsóknarfélaganna frá 15. maí 1963, þar sem stjórnin hafi samþykkt framleigu húsnæðisins til stefnda, dómsskjal nr. 28. Kveðst vitnið

hafa ætlað að láta stefnda undirrita skjalið og afhenda honum eintak af því. Vitnið segir, að stefndi hafi hvorki fyrr né síðar eftir 20. maí 1963 borið fram við vitnið greiðslur vegna samninganna umfram kr. 40.000.00, sem vitnið tók á móti 12. júní 1963. Vitnið kveðst oft á tímabilinu 20. maí 1963 til 1. september 1963 hafa átt tal við stefnda og krafist hann um eftirstöðvar á útborgun og að ganga frá skuldayfirlýsingu og veðtryggingu fyrir kr. 1.700.000.00. Stefndi hafi jafnan haft góð orð um að ganga frá þessu, en þó sagt, að hann ætti gagnkröfur á hendur stefnanda. Vitnið kveðst hafa óskað eftir að fá að sjá gagnkröfurnar, svo að hægt væri að athuga þær. Stefndi hafi einnig lofað að gera grein fyrir gagnkröfunum, en engar efndir hafi orðið á því. Vitnið kveðst hafa rætt við stefnda um rekstrarvörubirgðirnar, sem voru í veitingahúsinu, þegar stefndi tók við því. Stefndi hafi hins vegar verið búinn að segja vitninu, að stefndi ætti að greiða vörubirgðirnar sérstaklega og að stefnandi hefði trúað frú Gróu Herðísi fyrir því að telja vörubirgðirnar.

Stefnandi styður aðalkröfu sína í málinu þeim rökum, að vanefndir stefnda á að fullnægja af sinni hálfu kaupsamningi aðiljanna um veitingahúsið hafi verið svo verulegar, að eftirstöðvar kaupverðsins séu allar í gjalddaga fallnar. Í fyrsta lagi hafi stefndi vanrækt að greiða kr. 60.000.00 af fjárhæð þeirri, sem greiða átti út. Einnig hafi stefndi látið hjá líða að greiða andvirði rekstrarvörubirgða, kr. 40.000.00, sem hann hafi átt að standa skil á við afhendingu. Þá hafi stefndi ekki sett tryggingu fyrir eftirstöðvum kaupverðsins, kr. 1.700.000.00, eins og um hafi verið samið, heldur þvert á móti veðsett öðrum aðilja verðmæti þau, sem stefnandi hafi átt að fá veðrétt í, og ekkert af fjárhæðinni, kr. 1.700.000.00, hafi stefndi greitt þrátt fyrir ákvæði V. liðs e. gagntilboðsins. Áður en gengið hafi verið endanlega frá kaupunum hafi stefndi vanrækt stórkostlega að greiða húsaleigu til húseiganda. Sú vanefnd hafi verið svo veruleg, að húseigandi hafi fengið dæmt í fógetarétti, að stefndi skyldi borinn út úr húsnæðinu, en stefnandi telur, að hann hafi verið ábyrgur fyrir húsaleiguskuldinni, ef stefndi hefði ekki síðar greitt hana.

Stefndi byggir kröfu sína um sýknu á því, að stefnandi hafi vanefnt svo verulega kaupsamninginn um afhendingu á leiguréttindum að veitingahúsinu og því, sem þeim átti að fylgja, að stefnandi geti nú ekki krafist frekari greiðslna úr hendi hans (stefnda), enda telur stefndi sig þegar hafa greitt meir en sannvirði hins selda miðað við verðmæti þess án leiguréttinda. Van-

efndir stefnanda séu fyrst og fremst fólgnar í því, að stefnandi hafi látið hjá líða að tryggja stefnda framhaldandi leigurétt á eigninni, og meira segja spillt fyrir því beint og óbeint, að stefndi næði rétti sínum, eins og gert hafi verið ráð fyrir í samningnum, og ekki sé sjáanlegt, að hann geti nú uppfyllt þessa skyldu sína. Stefnandi hafi að vísu fengið framleiguheimild hjá húseiganda, Húsbyggingasjóði Framsóknarfélaganna, dómsskjal 28, en ekki gert framleiguheimildina fullgilda með því að láta hann (stefnda) rita nafn sitt á skjalið. Stefndi kveðst þannig hafa verið í mikilli óvissu um réttarstöðu sína og hafi því ekki verið hægt að ætlast til þess, að hann (stefndi) gæfi út veðskuldabréf fyrir kr. 1.700.000.00, á meðan hann hafði ekki í höndum skjalfestan samning sjálfur við Húsbyggingasjóð Framsóknarfélaganna. Í dómkröfum stefnanda sé leigusamningur ekki boðinn fram, enda geti stefnandi ekki fullnægt því aðalatriði kaupsamningsins, þar sem fyrir liggja úrskurður borgarfrógeta um útburð úr leiguhúsnæðinu. Stefndi mótmælir riftunaryfirlýsingu stefnanda sem rangri og þýðingarlausri. Stefndi kveðst ekki hafa vanefnt samninginn af sinni hálfu. Auk þess hafi stefnandi alls ekki fylgt málinu eftir með kröfu um, að hvor aðili skilaði aftur þeim verðmætum, sem hann tók við. Þvert á móti hafi stefnandi krafizt efnda á kaupsamningnum.

Stefndi hefur undir rekstri málsins haldið því fram, að auk þess sem nú hefur verið rakið, hafi stefnandi vanefnt samninginn verulega á annan hátt. Stefndi hefur ekki haft uppi gagnkröfur í málinu um þau atriði, en hefur áskilið sér rétt til að höfða sjálfstætt mál til heimtu þeirra krafna, ef aðalkrafa hans um sýknu verður ekki tekin til greina. Þau atriði, sem stefndi hefur sérstaklega bent á í þessu sambandi, eru:

1. Áætlað verð þeirra hluta, sem stefnandi hafi vanrækt að afhenda sem fylgifé með veitingahúsinu samkvæmt ákvæðum samningsins, sbr. dskj. nr. 4 og dskj. nr. 20 kr. 77.500.00
2. Verð þeirra hluta í eigu húseiganda, sem taldir eru á dskj. nr. 21 og vantaði á staðnum, er stefnandi afhenti hann, sbr. 9. gr. samnings á dskj. nr. 18 og 6. mgr. V. liðs tilboðs stefnda, dagsett 10. maí 1963 — 100.000.00
3. Kostnaður stefnda við að fullnægja kröfum borgarlæknis um viðgerðir og endurbætur á

húsnæði veitingastaðarins í sambandi við yfirtöku stefnda á staðnum	kr.	321.327.67
4. Andvirði peningakassa frá Einari Skúlasyni, er stefndi hafi sjálfur þurft að greiða, sbr. dskj. 4	—	72.178.00
5. Viðgerðarreikningur vegna nefnds peningakassa, er stefndi hafi þurft að greiða fyrir stefnanda	—	1.431.00
6. Auglýsingareikningur á Glaumbæ frá Þjóðviljanum frá 31. marz 1963, greiddur af stefnda	—	9.417.60
7. Skuldir stefnanda við Samband veitinga- og gistihúsaeigenda, yfirteknar af stefnda:		
A) árgjald 1962 og ½ árgjald fyrir árið 1963	kr.	7.800.00
B) auglýsingareikningur frá New York Herald Tribune	— 3.566.00	— 11.366.00
8. Skaðabætur stefnda til handa fyrir tjón, er stefnandi hefur valdið honum við rekstur veitingahússins og annars með tilraunum sínum til riftunar, þ. á m. með því að dylja fyrir honum samninginn á dskj. 28, og hvers konar aðgerðum sínum á þeim grundvelli	—	800.000.00
		Kr. 1.393.220.27

Stefnandi hefur mótmælt öllum síðastgreindum atriðum sem röngum og ósönnuðum.

Að því er varðar þær kr. 60.000.00, er getið er um í kröfum stefnanda, tekur stefndi fram, að þessari upphæð hafi hann haldið eftir vorið 1963 fyrir bein tilmæli fyrirsvarsmanna Húsbyggingasjóðs Framsóknarfélaganna vegna leiguskuldar stefnanda og annarra viðskipta við þann aðilja. Hafi þessi ráðstöfun aldrei verið vefengd fyrr en í máli þessu.

Eins og fyrr er rakið, hefur stefnandi krafist stefnda í máli þessu um kr. 40.000.00 sem andvirði rekstrarvörubirgða. Í Þinghaldi 9. desember 1966 var þessi kröfufiliður viðurkenndur tölulega af hálfu stefnda með kr. 20 þúsundum, en að öðru leyti mótmælt sem röngum og ósönnuðum.

Að lokum hefur stefndi haldið því fram, að vaxtakrafa stefnanda sé út í hött, þar sem um enga vexti hafi verið samið, auk þess sem hinir umstefndu vextir séu mun hærri en almennir vextir í landinu á sama tíma. Telur stefndi, að stefnandi geti ekki

undir nokkrum kringumstæðum átt rétt á öðru en venjulegum vöxtum, og þá að sjálfsgöðu ekki frá 15. maí 1963 né heldur frá 15. október 1964, nema ef til vill að því er varði afborganir þær, sem fallnar séu í gjalddaga. Er í þessu sambandi því haldið fram af hálfu stefnda, að af fjárhæð þeirri, er hann fékk gjaldfrest á, kr. 1.700.000.00, hafi ekki verið tilteknir neinir vextir fremur en af fjárhæð þeirri, kr. 1.000.000.00, sem greidd hafi verið með víxlum, enda hafi vextir verið innifaldir í verðinu.

Varakrafa stefnda er studd þeim rökum, að ef ekki verði fallizt á það með honum, að stefnandi hafi þegar fengið greitt meir en sannvirði hins selda, þá hljóti hann (stefndi) að eiga rétt á afslætti af söluverðinu án tillits til krafna þeirra, sem felast í fjárhæðinni kr. 1.393.220.27, sem lýst er hér að framan.

Fallast verður á það með stefnanda, að með tilboði stefnda og ganttilboðum aðiljanna hafi komizt á kaupsamningur milli þeirra. Verður að líta svo á, að með kaupsamningnum og afhendingu á veitingahúsinu til stefnda hafi eignarréttur að veitingastarfseminni og þeim innanstokksmunum, sem henni fylgdu, svo og eignarréttur að firmunum Glaumbæ, Næturklúbbnum og Káetunni yfirlærzt til stefnda, enda hafi stefnandi fengið heimild húseiganda til að framleigja rétt sinn með yfirlýsingunni á dómskjali nr. 28. Er stefnandi ritaði stefnda 25. október 1963 bréfið með yfirlýsingu þess efnis, að hann riftaði kaupunum, hafði stefndi ekki vanefnt svo skyldur sínar samkvæmt kaupsamningnum, að þær vanefndir heimiluðu stefnanda að rifta. Fallast verður á það með stefnanda, að það hafi verið forsenda fyrir kaupunum, að hann fengi 1. veðrétt í munum þeim, sem hann seldi stefnda, til tryggingar kr. 1.700.000.00. Eins og fyrr er lýst, veðsetti stefndi með tréggingarbréfi, dagsettu 31. janúar 1964, allt „inventar“, hverju nafni sem nefnist, tilheyrandi veitingarekstri sínum í veitingahúsinu Glaumbæ, Næturklúbbnum og Káetunni, til tryggingar víxilskuld að fjárhæð kr. 700.000.00, eins og áður er lýst. Þessi háttsemi stefnda svo og það að greiða ekki fyrstu afborgun, kr. 340.000.00, sem í gjalddaga féll 15. október 1964, svo og að standa ekki í skilum um greiðslu leigugjalds til húseiganda, áður en endanlega var gengið frá afsali, verður að telja verulegar vanefndir af hálfu stefnda, enda er ósannað gegn mótmælum stefnanda, að stefnandi hafi verið í óbættum sökum við húseigandann, Húsbyggingasjóð Framsóknarfélaganna. Verður að telja, að vanefndir stefnda hafi verið svo verulegar, þegar stefnandi höfðaði mál þetta 11. marz 1965, að þær heimiluðu stefnanda að krefj-

ast eftirstöðva af andvirði hins selda, enda verður ekki fallizt á það með stefnda, að neitun stefnanda að afhenda dómsskjal 28 stefnda til áritunar og samþykkis hafi, eins og málum var háttað, verið veruleg vanefnd af stefnanda hálfu, og er þá haft í huga, að stefndi fékk afnot veitingahússins og að telja verður ósannað, að stefnanda verði kennt um útburðarkröfu húseiganda. Er þá einnig á það að líta, að ósannað er, að stefndi, sem fékk tíma-bundið vínveitingaleyfi, sem gildi til 24. desember 1966, hafi afhent sambýliskonu sinni, Gróu Herðisi, veitingastarfsemina fyrir ástæðu, sem stefnandi ber ábyrgð á. Þá er og haft í huga, að fjárkröfur þær, samtals að upphæð kr. 1.393.220.27, sem stefndi telur sig eiga á hendur stefnanda, eru að ýmsu leyti lítt reifaðar og órökstuddar, enda hefur málflutningurinn lítið um þær snúizt, svo að þær koma ekki frekar til álita í máli þessu.

Verður aðalkrafa stefnda um sýknu því ekki tekin til greina. Varakrafa stefnda um afslátt á heldur ekki við, en að því leyti sem stefnandi kann að eiga að standa stefnda skil á kröfum þeim, sem felast í fjárhæðinni kr. 1.393.220.27, þá verður ekki um þær kröfur fjallað í þessu máli, eins og fyrr er lýst.

Það er óumdeilt í málinu, að stefndi hefur ekki greitt kr. 60.000.00 af þeim kr. 500.000.00, er hann átti að greiða í upphafi, og ekkert af kr. 1.700.000.00 samkvæmt V. lið e. Verða þessir kröfufliðir því báðir teknir til greina. Gegn mótmælum stefnda hefur stefnandi ekki sannað, að andvirði rekstrarvörubirgða, sem stefndi lofaði að greiða, hafi numið hærri fjárhæð en kr. 20.000.00, sem stefndi hefur viðurkennt tölulega. Verður sú fjárhæð því lögð til grundvallar þeim kröfuflið.

Samkvæmt þessu verður stefnda dæmt að greiða stefnanda kr. 1.780.000.00 (60.000.00 + 1.700.000.00 + 20.000.00). Eins og kröfugerð og málflutningi stefnanda er háttað, þykir varakrafa stefnanda því ekki koma til álita í málinu.

Það er óumdeilt í málinu, að stefndi hefur ekki greitt vexti af fjárhæðunum samkvæmt V. lið b, c og d. Það eru að vísu líkur fyrir því, að stefndi hafi átt að greiða vexti af kr. 1.700.000.00 frá 15. maí 1963, og styður vætti vitnisins Hauks Þorleifssonar það. Gegn eindregnum mótmælum stefnda verður þetta þó ekki talið nægjanlega sannað. Verður vaxtakrafa stefnanda því tekin til greina þannig, að stefnda verður dæmt að greiða stefnanda 7% ársvexti af kr. 80.000.00 frá 15. maí 1963 til 15. október 1964 og af kr. 420.000.00 frá þeim degi til 1. janúar 1965, en 6% ársvexti af sömu fjárhæð frá þeim degi til 11. marz 1965 og 6%

ársvexti af kr. 1.780.000.00 frá þeim degi til 1. janúar 1966, en 7% ársvexti af sömu fjárhæð frá þeim degi til greiðsludags.

Eftir öllum atvikum þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda kr. 100.000.00 í málskostnað.

Ofangreindar fjárhæðir ber stefnda að greiða gegn afhendingu afsals, eins og í kröfugerð stefnanda greinir.

Bjarni K. Bjarnason borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Eggert Kristjánssyni og Guðmundi Skaptasyni lögfræðingum og löggiltum endurskoðendum.

Dómsorð:

Stefndi, Sigurbjörn Eiríksson, greiði stefnanda, Ragnari Þórðarsyni, kr. 1.780.000.00 með 7% ársvöxtum af kr. 80.000.00 frá 15. maí 1963 til 15. október 1964 og af kr. 420.000.00 frá þeim degi til 1. janúar 1965, en 6% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til 11. marz 1965 og 6% ársvöxtum af kr. 1.780.000.00 frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 100.000.00 í málskostnað, allt gegn afhendingu afsals fyrir veitingahúsinu Glaumbæ, þ. e. firmunum Glaumbæ, Næturklúbbnum og Káetunni, ásamt öllu, er téðu veitingahúsi fylgir, svo sem innanbúnaði og munum.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.
